

INNANBÆJAR KRÓNÍKA

2 tbl. 11. árg. Starfsmannafréttir Akureyrarbæjar júní 2016

GLEÐILEGT SUMAR !



Sýnishorn af því sem fyrir augu ber á gönguleiðum í Hrísey en þar eru þrjár merktar gönguleiðir: *Græna leiðin* (2,3 km), *Gula leiðin* (4,5 km) og *Rauða leiðin* (5,0 km). Margt er að sjá á þessum gönguleiðum og fjölda skilta með ýmsum fróðleik er þar að finna.

HVER ER MAÐURINN?



Hver er stúlkan á myndinni?

Lesendur eru beðnir að senda rétt svar á kronikan@akureyri.is.

Dregið verður úr réttum svörum og fær viðkomandi verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

Í síðustu Króniku birtist mynd af Hrafnhildi Sigurðardóttur leikskólafulltrúa.

Inga Hrönn Einarsdóttir hjá fjárreiðudeild skilaði inn réttu svari og fær að launum 10 miða sundkort.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Hlynur F. Þormóðsson

Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir,

Hlynur F. Þormóðsson og Hjörleifur Hjálmarsson

Netfang: kronikan@akureyri.is



MATARTÍMI !

Flygande Jakob er sænskur réttur sem sumir Svíar vilja kalla þjóðar-rétt. Hér á landi er hann þekktur sem *Fljúgandi Jakob*. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir atvinnumálafulltrúi skoraði í síðustu Króniku á Ellert Örn Erlingsson forstöðumann íþróttamála, að koma með uppskrift.



Hráefni:

- 1 kjúklingur (Jakob sjálfur)
- 1 tsk. kjúklingakrydd
- 1 tsk. salt
- ½ tsk. sítrónupipar
- ¾ dl. chili sósa
- 3 msk. tómatsósa
- 1 ½ dl. rjómi/kaffirjómi
- ½ dl. saltthnetur
- 1 ½ banani
- 6-7 sneiðar beikon



Fyrst skal þrifa Jakob (kjúklinginn), þerra og svo úrbeina. Jakobs-bitunum er raðað í eldfast mót, þeir kryddaðir og settir í 200° heitan ofn í 30 mínútur. Góð regla að ausa safanum sem safnast í eldfasta mótið yfir Jakob einu til tvisvar sinnum meðan á steikingunni stendur.

Á meðan Jakob er í ofninum skal skera banana og beikon í litla bita. Beikonið er steikt vel og vandlega á pönnu og þerrað að steikingu lokinni til að ná fitunni af. Því næst er að hræra saman blönduna: Chilisósu, tómatsósu og rjóma. Beikoninu og saltthnetunum er bætt út í blönduna. Þegar hún er tilbúin er Jakob tekinn úr ofninum og fitunni fleytt ofan af soðinu áður en blöndunni er hellt yfir. Brytjuðum banönum er bætt út á og Jakob settur aftur inn í ofninn í 10-15 mínútur.

Þegar rétturinn kemur að lokum tilbúinn úr ofninum er tilvalið að rífa niður steinselju og strá yfir áður en hann er borinn fram. Hrisgrjón og brauð eru gott meðlæti sem og sætar kartöflur. Verði ykkur að góðu.

Ellert skorar á Orra Stefánsson verkefnastjóra atvinnuáttaks í Ungmennahúsi að koma með uppskrift í næsta Matartíma Krónikunnar.

GOTT AÐ VITA

Sumarstarfsfólk – skil á gögnum

Fjöldi sumarstarfsfólks er kominn til starfa og fleiri á leiðinni. Í samráði við yfirmann þarf að skila ýmsum gögnum og upplýsingum til starfsmannabjónustunnar.

- Skila þarf eyðublaði *nýting persónuafsláttar* í síðasta lagi sjö virkum dögum fyrir útborgun.
- Skila þarf prófskírteinum vegna fagnáms.
- Skila þarf staðfestingu um viðbótarnám sem metið er samkvæmt kjarasamningi starfsmanns, þ.m.t. skírteini vegna stúdentsprófs.
- Skila þarf starfsvottorðum vegna símenntunarálags, staðfestingu fyrri vinnuveitanda á starfstíma í fagi eða staðfestingu á starfstíma hjá öðrum sveitarfélögum, ríki og á almennum markaði eftir því sem við á.
- Ef starfsmenn hygðast greiða í séreignarsjóð þarf að skila samningi hvort sem viðkomandi hefur verið í starfi hjá Akureyri eða ekki.

Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbók á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is/starfsmannahandb



PLÖTUSKÁPURINN



Þórhildur Örvarsdóttir söngkona og tónlistarkennari í Tónlistarskólanum á Akureyri tekur plötuskápin í gegn í Króníkunni að þessu sinni.

Fyrsta platan sem þú keyptir?

Eine kleine Nachtmusik. Ætli ég hafi ekki verið 10 ára þegar ég rölti niður í Hljómdeild KEA og fjárfesti.

Besta plata sem þú átt?

Þetta er eins og að gera upp á milli barnanna sinna! *The Intimate Ella* með Ella Fitzgerald, *Debut* með Björk og *Don Juan's Reckless Daughter* með Joni Mitchell.

Lélegasta plata sem þú átt?

Leiðinlegt að segja, en sumt íslenskt efni sem manni hefur áskotnast í gegnum tíðina hefur verið alveg ótrúlega vont. Svo er 80's stöffið ekki sérlega gott.

Mest spilaða platan þín?

Kisubörninn kátu, Gling Gló, Fairground Attraction og margar fleiri. En ætli plötur Joni Mitchell og Tinu Dico hafi ekki vinninginn.

Bestu kaupin?

Bestu kaupin eru án efa þegar ég keypti vínýl í „second hand“ plötubúðunum á árunum 1990-95. Þar varð Joni Mitchell safnið mitt til og margir fleiri gullmolar komust í mína eigu.

Flottasta umslagið?

Ætti að vera eitthvað rosa artí en *War of the Worlds* hefur vinninginn. Ég eyddi endalausum tíma í að fletta bæklingnum og var á þeim tíma á kafi í teiknimyndasögum. Þetta albúm hitti alveg í mark.

Ljótasta umslagið?

Safnplötu-skrímslin sem voru gefin út frá '90 -'00 voru sum alveg skelfileg, t.d. *Reif í skóinn*.

Besta barnaplatan?

Kisubörninn kátu. Þvílík snilld! Gísli Rúnar, Laddi og Edda Björgvins fara á kostum.

Skrýtnasta platan?

Encore! með Klaus Nomi. Sú tónlist er ferlega skrítið fyrirbæri.

Vínýll, CD, i-pod eða síminn?

Allt hefur þetta sinn sjarma en það er alltaf einhver nostalgíublær yfir vínýlnum. Ég elska það sánd.

HIN HLIÐIN

Ólafur Torfason er menntaður knattspyrnuþjálfari, nuddari og iðjubjálfi. Hann gegnir stöðu forstöðumanns í búsetubjónustu geðfatlaðra og hefur gert síðastliðin 15 ár.



Hvað er skemmtilegast við starfið þitt?

Fjölbreytileikinn og að hafa alltaf miklu meira en nóg að gera. Svo er launavinnslan svolítið skemmtileg.

Fjölskylduhagir?

Giftur Margréti Bergmann Tómasdóttur og saman eigum við þrjú börn. Þau heita Tómas, Magðalena og Móheiður.

Áhugamál?

Er fótboltafíkill og raula oft með sjálfum mér „Deyja fyrir klúbbinn“ eða „You'll never walk alone“.

Uppáhalds matur?

Er frekar einfaldur maður með einfaldan smekk og því segi ég skyr og bananabrauð.

Hvaða bók lastu síðast?

Var að finna gamlar myndasögur og er að lesa allt Tinnasafnið eins og það leggur sig.

Hvaða kvikmynd sástu síðast?

Midsomer Murders með Barnaby.

Hvaða lag kemur þér í sumargleði?

Ég fer í fríið með Sumargleðinni og svo kannski *Einn dans við mig* með Hemma Gunn.

Hvað ætlaðu að gera í sumar?

Horfa á EM og kannski drekka einn kaldan.

Hvað er skemmtilegast við sumarið?

Fá að dunda mér í garðinum, elska garðvinnu.

Uppáhalds tónlistarmaður / hljómsveit?

Freddy Mercury and Queen.

Uppáhalds leikari?

Theodór Júlíusson.

Leyndir hæfileikar?

Er að læra á trommur. Einnig er vert að nefna það að ég hef leikið í bíómyndum og sjónvarpsþáttum og hlotið mikið lof fyrir.